

## 9. gr.

Brot á samþykkt þessari varðar sektum samkvæmt XVI. kafla laga nr. 76/1970 um lax- og silungsveiði.

Samþykkt þessi staðfestist samkvæmt lögum nr. 76 25. júní 1970, um lax- og silungsveiði, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Landbúnaðarráðuneytið, 4. febrúar 1974.*

**Halldór E. Sigurðsson.**

*Ragnheiður Árnadóttir.*

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Minningarsjóð um Leon Carlsson, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 11. febrúar 1974.

Skipulagsskráin er þannig:

## SKIPULAGSSKRÁ

fyrir minningarsjóð um Leon Carlsson.

## 1. gr.

Sjóðurinn heitir Minningarsjóður Leons E. Carlssonar.

## 2. gr.

Sjóðurinn er stofnaður til minningar um Leon E. Carlsson, stýrimann, sem fórst 24. febr. 1973. Stofndagur er afmælisdagur Leons 12. júní, en hann var fæddur 1935.

## 3. gr.

Sjóðurinn er stofnaður af foreldrum Leons, frú Grethe og Einari Carlssyni, húsgagnasmíðameistara.

## 4. gr.

Stofnendur leggja fram kr. 100 000.00 — hundrað þúsund krónur — 0/00.

## 5. gr.

Höfuðstóllinn skal ná kr. 300 000.00 — þrjú hundruð þúsund krónum — 0/00 — áður en veitt er úr sjóðnum í fyrsta sinn, sem ekki skal gert fyrr en fimm árum frá stofnun.

## 6. gr.

Tekjur sjóðsins eru vextir, áhæit, gjafir, hvers kyns framlög og sala minningarspjalda.

## 7. gr.

Fyrstu kr. 250 000.00 — tvö hundruð og fimmtíu þúsund krónur — sjóðsins skulu bundnar í vísitölutryggðum spariskirteinum, séu þau fól. Annars ber að vaxta sjóðinn á hagkvæmasta hátt að mati stjórnar.

## 8. gr.

Sjóðurinn skal styrkja einstaklinga úr eftirfarandi hópum til sérnáms eða frambaldsnáms í björgun, gæslustörfum eða farmennsku:

- a) Félagi úr björgunarsveitum S.V.F.Í.
- b) Stýrimenn hjá Landhelgisgæslunni.
- c) Stýrimenn með farmannaprófi.

**9. gr.**

Stjórn skal skipuð þremur mönnum til tveggja ára í senn: Eftirtaldir aðilar skulu tilnefna einn aðila hver í stjórn:

- a) Aðstandendur Leons.
- b) Stjórn S.V.F.Í.
- c) Stjórn starfsmannafélags Landhelgisgæslunnar.

Gangi maður úr stjórn, skal sá aðili er tilnefndi hann, tilnefna mann í hans stað.

**10. gr.**

250 000.00 — tvö hundruð og fimmtíu þúsund krónur — af höfuðstól skal halda óskertum og verðtryggðum, miðað við fjármagnsvisitölu 1. jan. 1974, og skal umreiknast 1. jan. ár hvert. Þegar því hefur verið náð mega úthlutanir hefjast. Stjórnin veitir fé í markmiði sjóðsins að eigin hvötum, eða samkvæmt umsókn. Stjórnin ákveður tíðni og upphæð úthlutana.

**11. gr.**

Sjóðstjórnin heldur gerðabók um allan rekstur sjóðsins, stjórnarákvarðanir í fjármálum, úthlutanir og hvað eina er varðar sjóðinn.

**12. gr.**

Sá er nýtur úthlutunar úr sjóðnum, skal afhenda stjórn skýrslu um verkefni það, er unnið var að, þremur mánuðum eftir lok verkefnis. Sjóðstjórn skal heimilt að birta skýrsluna.

**13. gr.**

Skipulagsskrá þessa má stjórn endurskoða á fjögurra ára fresti, en breytingar skulu hljóta staðfestingu.

**14. gr.**

Sjóðurinn skal vera í vörslu stjórnar S.V.F.Í. sem geymir gerðabækur, annast bókhald og kveður til tvo endurskoðendur, sem sjóðstjórn kys árlega.

**15. gr.**

Skipulagsskrá þessi skal hljóta staðfestingu forseta Íslands.

Reykjavík, 6. febrúar 1974.

G. Carlsson. E. Carlsson.

**SAMÞYKKT****um hundahald á Flateyri.****1. gr.**

Hundahald er bannað á Flateyri.

**2. gr.**

Sveitarstjórn er heimilt að veita einstaklingum í hreppnum undanþágu til hundahalds með eftirfarandi skilyrðum:

- a) Hundurinn skal skráður á skrifstofu hreppsins, og þar fær eigandi hundsins afhenta merkta plötu, sem jafnan skal vera í ól um háls hundsins.
- b) Árlega skal sveitarsjóði greitt leyfisgjald fyrir þá hunda, sem undanþága er veitt fyrir. Gjaldið, sem sveitarstjórn ákveður fyrir eitt ár í senn, skal renna til þess að standa straum af kostnaði við eftirlit með hundum í hreppnum